

Ed.

302. Nefndarálit

um frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Fram til 1903 voru þjóðkjörnir alþingismenn 30 að tölu, og einungis einn þeirra kosinn í kaupstaðarkjördæmi (Reykjavík). Samtímis stjórnarskrár-breytingu þeirri, er flutti stjórnina heim til landsins, var bætt við kaupstaðina 4 nýjum þingmönnum (lög 3 okt. 1903) án þess að taka neitt þingsæti frá öðrum. Þar næst voru Vestmannaeyjar teknar í tölu kaupstaða 1918, og fylgdi þar með eitt þingsæti. Loks var bætt 2 þingsætum við kaupstaðina (Reykjavík) með lögum nr. 11 1920, einnig án þess að svifta eldri kjördæmin neinu þingsæti. Eru því 8 af núverandi 36 kjördæmakosnum þingmönnum kosnir í kaupstöðum.

Þessi þingmannafjölgun er bein afleiðing af vexti kaupstaðanna. Árið 1916 voru íbúar kaupstaðanna allra 37474, og eru þá rúmlega 4680 kaupstaðarbúar um 1 þingmann, sem er nokkru fleira en í sveitakjördæmunum að meðaltali. Sje einum hætt við, verða sem næst 4170 kaupstaðarbúar um þingmann, og eftir fólkestölu einni saman ætti bið nýja þingsæti að tilfalla Reykjavík, þar sem íbúatalan 1926 var 23224, og yrðu þó enn 4645 íbúar um hvern þingmann bæjarins. Hafnarfjörður hafði sama ár 3085 íbúa, og hefir því ekki eftir fólkestölunni sama rjett til að fá þingmann sem Reykjavík til að fá viðbótarþingmann.

En þjer kemur fleira til greina en íbúatalan ein. Þó rjett hafi þótt að fjölga þingmönnum kaupstaðanna, þá hefir aldrei þótt ástæða til að láta þá fjölgun haldast alveg í hendur við fólksfjölgunina. Og úr því það er ekki gert, þá verður alveg álitamál, hvort hæfilegt sje, að kaupstaðirnir hafi sem stendur 8 þingmenn eða einum fleira.

Algert nýmæli er það í frv. að fjölga þingmönnum kaupstaða á þann hátt, að taka þingsæti frá sveitakjördæmunum til þess. Það hefir aldrei verið gert. Ef farið er inn á þá braut, þá er mjög hætt við áframhaldi, svo framarlega sem kaupstaðirnir halda áfram að fjölga og stækka. Með þessari uppástungu er í rauninni stigið fyrsta sporið til að flgtja þungamiðju valdsins úr sveitunum í kaupstaðina.

Ef það yrði nú ofan á að stíga þetta afarvarhugaverða byrjunarspor, þá verður þó ekki komist þjá að líta á það, hvort sanngjarnt sje að taka þetta þingsæti frá Gullbringu- og Kjósarsýslu fremur en frá einhverju öðru sveitakjördæmi. Nú eru í landinu 6 tvímenningskjördæmi, önnur en Gullbr.- og Kjósarsýsla, og var íbúatalan 1926 þessi :

		á hvern þm.
Eyjasfjarðarsýsla með Siglufirði	6672	3336
Suður-Múlasýsla	5679	2840
Árnessýsla	5235	2618
Skagafjarðarsýsla	4044	2022
Rangárvallasýsla	3650	1825
Norður-Múlasýsla	2923	1462

Í Gullbr.- og Kjósarsýslu utan Hafnarfjarðar voru á sama tíma 4286 íbúar. Vilji menn taka þingmann úr einhverju hinna núverandi tvímenningskjördæma til þess að gefa Hafnarfirði, þá má ekki taka hann úr Gullbr.- og Kjósarsýslu. Slíkt væri hreint ranglæti, þar sem 3 önnur tvímenningskjördæmi eru fámennari. Ekkert einmenningskjördæmi er nálægt því eins fjölment og Gullbr.- og Kjósarsýsla.

Jeg legg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 24. febr. 1928.

Jón Þorláksson.